

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 20. mars 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabryggun til einkaneyslu). 127. mál 148. löggjafarþings 2017-2018. Umsögn.

Undirritaður fagnar frumvarpi því sem nú er fram komið á Alþingi er varðar afnám banns við heimabryggun til einkaneyslu. Gerjun áfengra drykkja hefur verið hluti af menningu mannkyns um aldaðir. Gerjun áfengra drykkja til einkaneyslu er lögleg á öllum hinum Norðurlöndunum. Það skýtur því óneitanlega skökku við að hún skuli vera bönnuð á Íslandi.

Undirritaður vill þó benda á að svo virðist sem frumvarpið geri ráð fyrir því að eiming áfengis til einkaneyslu verði einnig lögleg. Eiming áfengis krefst fullkominnar kunnáttu og tækni og afurðin, ef hún er gölluð getur valdið stórkostlegu heilsutjóni. Eiming áfengis til einkaneyslu er enda hvarvetna bönnuð á Norðurlöndunum.

Ef það er vilji löggjafans að eiming áfengis til einkaneyslu verði áfram bönnuð, sem ég tel að væri æskilegt, mætti taka af allan vafa um þetta atriði með því að bæta við frumvarpið málsgrein sem gæti hljóðað svo:

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr liður: að framleiða áfengi til einkaneyslu með eimingu.

Undirritaður styður eindregið að frumvarpið verði að lögum með þessari breytingu.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Orri Egilsson
áhugamaður um gerjun.